

2008:11 • 18. september 2008

## Fjármál hins opinbera 2007

*General government finances 2007*

### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 70,7 milljarða króna árið 2007, eða 5,5% af landsframleiðslu og 11,3% af tekjum. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 6,3% af landsframleiðslu 2006 og 4,9% árið 2005. Þessi hagstæða tekjuafkoma stafar fyrst og fremst af miklum tekjuafgangi ríkissjóðs, sem nam 4,0% af landsframleiðslu árið 2007 og 5,3% árið 2006. Fjárhagur sveitarfélagna hefur einnig verið jákvæður síðustu þrjú árin, enda þótt hann sé afar misjafn. Árið 2007 nam tekjuafgangur þeirra 8 milljörðum króna, eða 0,6% af landsframleiðslu, og árið 2006 um 4 milljörðum króna, eða 0,3% af landsframleiðslu.

Tekjur hins opinbera mældust um 624 milljarðar króna 2007 og hækkuðu um rúmlega 63 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 48,2% og hafa ekki í annan tíma verið hærri, en samsvarandi hlutfall var 48,0% árið 2006. Tekjur hins opinbera hafa hækkað mjög frá árinu 2002 er þær mældust 41,7% af landsframleiðslu. Útgjöld hins opinbera námu 553 milljörðum króna 2007 og hækkuðu um 66,5 milljarða króna milli ára, eða úr 41,7% af landsframleiðslu 2006 í 42,8% árið 2007.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála námu 119 milljörðum króna 2007, eða 9,2% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 98,2 milljarðar króna en hlutur heimila 20,8 milljarðar, eða 17,5% af útgjöldunum. Til fræðslumála var ráðstafað 106,4 milljörðum króna 2007, eða 8,2% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 96,3 milljarðar króna og hlutur heimilanna 10,1 milljarður króna, eða 9,5%. Til almannatrygginga og velferðarmála ráðstafaði hið opinbera 111,4 milljörðum króna 2007, eða 8,6% af landsframleiðslu, og nam hækkunin milli ára 14,4 milljörðum króna.

Heildar peningaleg eign hins opinbera nam 709 milljörðum króna og heildarskuldir riflega 700 milljörðum króna. Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var jákvæð um 8,6 milljarða króna í árslok 2007, eða um 0,7% af landsframleiðslu.

Tekjuafkoma hins opinbera og að meðtöldum fyrirtækjum þess var jákvæð um 0,9% af landsframleiðslu 2007, en tekjuafkoma opinberra fyrirtækja hins vegar neikvæð um 4,5%, sem skýrist m.a. af mikilli fjárfestingu sem nam um 5,6% af landsframleiðslu. Lökust var tekjuafkoma opinberra aðila 2003 eða neikvæð um 5,2% af landsframleiðslu.

### Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í  
brennidipli í þessu hefti



Hagstofa Íslands

frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um umfangsmestu málaflokka hins opinbera, þ.e. heilbrigðismál, fræðslumál og velferðarmál, og þeim gerð skil í talnaefni og myndum. Að lokum verður vikið að peningalegum eignum og skuldum hins opinbera og breytingum á þeim. En fyrst verður vikið að umfangi hins opinbera í þjóðarbúskapnum. Í töfluviðauka má sjá enska útgáfu af töflum þessa rits.


## Umfang hins opinbera

*Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar*

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkar það við þá starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrónga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, sveitarsjóði og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2007

*Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2007*



Árið 2007 runnu 72,8% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 26,9% til sveitarfélaga eins og sjá má á mynd 1. Rúmlega 26% tekna ríkissjóðs renna síðan áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárfamlög. Á árinu 2007 námu fjárfamlög til almannatrygginga 101,3 milljörðum króna og til sveitarfélaga 17,3 milljörðum króna. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 16,6% eða 91,9 milljarðar króna, sveitarfélaga 31,9% eða 176,6 milljarðar króna, og ríkissjóðs 51,5% eða 284,6 milljarðar króna. Hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera hefur aukist síðustu tvö árin.


## Afkoma hins opinbera

*Tekjuafgangur hins opinbera  
nem 5,5% af landsframleiðslu  
2007*

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 70,7 milljarða króna árið 2007, eða sem nemur 5,5% af landsframleiðslu og 11,3% af tekjum. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 6,3% af landsframleiðslu 2006 og 4,9% 2005. Tekjuafkoman hefur sveiflast verulega síðasta áratuginn eins og sjá má á mynd 2

og töflu 1. Slökust var afkoman árið 2003 er hún var neikvæð um 23,8 milljarða króna en hámarki náði hún 2006 er hún var jákvæð um 73,8 milljarða króna.

**Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP*



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans auðvitað miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2007 nam tekjuafgangur ríkissjóðs 51,4 milljörðum króna, eða 4% af landsframleiðslu, samanborið við 62 milljarða króna 2006, eða 5,3% af landsframleiðslu. Veruleg aukning í fjárfestingu ríkissjóðs milli ára skýrir að hluta lakari tekjuafkomu, en útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu um riflega prósentustig á sama tíma og hlutfall tekna var svipað milli ára.

**Tafla 1. Fjármál hins opinbera 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Heildartekjur hins opinbera	273,2	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,5
Heildarútgjöld hins opinbera	265,9	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	553,1
Tekjuafkoma hins opinbera	7,2	11,6	-5,3	-20,8	-23,8	0,3	50,2	73,8	70,7
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Heildartekjur hins opinbera	43,2	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	48,2
Heildarútgjöld hins opinbera	42,0	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	42,8
Tekjuafkoma hins opinbera	1,1	1,7	-0,7	-2,5	-2,8	0,0	4,9	6,3	5,5
Tekjuafkoma ríkissjóðs	1,4	1,8	-0,5	-1,3	-1,8	1,0	4,4	5,3	4,0
Tekjuafkoma sveitarfélaga	-0,6	-0,4	-0,6	-1,3	-0,8	-0,8	0,1	0,3	0,6
Tekjuafkoma almannatrygg.	0,3	0,3	0,4	0,0	-0,3	-0,2	0,4	0,7	0,9

Tekjuafkoma sveitarfélaga í heild hefur verið jákvæð síðustu þrjú árin eftir langt tímabil neikvæðrar afkomu, en fjárhagur einstakra sveitarfélaga er þó afar misjafn. Árið 2007 nam tekjuafgangur sveitarfélaganna um 8 milljörðum króna, eða 0,6% af landsframleiðslu. Til samanburðar nam tekjuafgangur ársins 2006 3,9 milljörðum króna, eða 0,3% af landsframleiðslu. Þessi bætta afkoma sveitarfélaganna skýrist fyrst og fremst af hækjun tekna þeirra sem hækkað hafa um rúmlega 1½ prósentustig af landsframleiðslu milli áranna 2005 og 2007 á sama tíma og útgjöldin hafa hækkað um 1 prósentustig.


## Tekjur hins opinbera

*Tekjur hins opinbera námu 48,2% af landsframleiðslu, hærra en nokkru sinni*

Tekjur hins opinbera námu 623,8 milljörðum króna árið 2007 og hækkuðu um rúmlega 63 milljarða króna milli ára eða 11,3%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 48,2% og hefur það hlutfall ekki verið hærra í annan tíma, en það var 48,0% árið 2006. Mælt á þennan veg hafa tekjur hins opinbera hækkað mjög frá árinu 2002 þegar tekjurnar námu 41,7% af landsframleiðslu. Þessi aukning kemur fram bæði hjá ríkissjóði og sveitarfélögum eins og lesa má í töflu 2. Mest er þó aukningin í tekjum sveitarfélaganna frá 2005 til 2007 sem stafar fyrst og fremst af auknum tekjum af gatnagerðargjöldum og sölu á byggingarrétti.

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**

*Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP*



**Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Hið opinbera	273,2	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,8
Ríkissjóður	208,5	225,6	241,1	252,8	268,0	306,9	363,6	412,8	454,6
Sveitarfélög	71,0	78,8	91,0	96,1	101,9	112,8	130,7	161,2	185,3
Almannatryggingar	43,7	48,8	53,4	59,9	67,3	74,0	81,2	90,8	103,3
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Hið opinbera	43,2	43,6	41,9	41,7	42,8	44,1	47,1	48,0	48,2
Ríkissjóður	33,0	33,0	31,2	31,0	31,9	33,0	35,4	35,3	35,2
Sveitarfélög	11,2	11,5	11,8	11,8	12,1	12,1	12,7	13,8	14,3
Almannatryggingar	6,9	7,1	6,9	7,3	8,0	8,0	7,9	7,8	8,0

*Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 530 milljörðum króna 2007 eða 41% af landsframleiðslu*


Ef megintekjustofnar hins opinbera eru skoðaðir, þ.e. skatttekjur, tryggingagjöld, fjárfamlög og aðrar tekjur, sést að skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera rúmlega 530 milljörðum króna árið 2007, eða 85% tekna þess, og nemur hækjunin milli ára riflega 46 milljörðum króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þeir tekjustofnar aukist umtalsvert síðstu árin, en árið 2007 mælast þeir 41% af landsframleiðslu. Til samanburðar mældust þeir 34,4% árið 1998. Aðrar tekjur, eins og eignatekjur og sala á vöru og þjónustu, hafa skilað hinu opinbera tekjum á bilinu 6–7% af landsframleiðslu undanfarin ár, en á síðasta ári mældust þær tekjur um 7,2% af landsframleiðslu 2007, eða 92,6 milljarðar króna og hækkuðu um 17,4 milljarða króna milli ára. Munar hér mestu um auknar vaxtatekjur.

**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Heildartekjur	273,2	297,8	323,5	340,5	360,0	409,5	483,6	560,5	623,8
Skatttekjur	215,0	234,1	250,7	264,3	282,4	323,3	383,7	445,4	489,4
Tryggingagjöld	17,8	19,7	21,9	23,4	26,1	28,4	32,8	38,4	40,7
Fjárfamlög	0,5	0,7	0,9	0,7	1,0	1,3	1,2	1,4	1,1
Aðrar tekjur	39,8	43,4	50,0	52,1	50,5	56,6	65,9	75,2	92,6
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Heildartekjur	43,19	43,56	41,91	41,70	42,78	44,09	47,12	47,99	48,24
Skatttekjur	34,00	34,24	32,48	32,36	33,56	34,81	37,39	38,14	37,85
Tryggingagjöld	2,81	2,88	2,84	2,87	3,10	3,05	3,19	3,29	3,15
Fjárfamlög	0,08	0,10	0,12	0,09	0,12	0,14	0,11	0,12	0,09
Aðrar tekjur	6,30	6,34	6,48	6,38	6,01	6,09	6,42	6,44	7,16

Við nánari skoðun á skatttekjum og tryggingagjöldum sést að mest aukning hefur verið í tekjusköttum (sjá töflu 4 og mynd 4). Þeir skattar skila hinu opinbera 241,4 milljörðum króna á árinu 2007, eða sem svarar 18,7% af landsframleiðslu. Hækkunin milli ára nemur 27,7 milljörðum króna. Þar af skiluðu tekjuskattar einstaklinga rúmlega 180 milljörðum króna, eða um 14% af landsframleiðslu, tekjuskattar lögaðila 32,6 milljörðum og fjármagnstekjuskattar 28,8 milljörðum króna. Eins og sjá má á töflu 5 nam tekjuskattur lögaðila 2,5% af landsframleiðslu 2007 en 1,1% árið 1998. Á sama tíma jókst fjármagnstekjuskattur úr 0,4% af landsframleiðslu í rúmlega 2,2% árið 2007.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP*



Skattar á vöru og þjónustu skiluðu hinu opinbera 209,5 milljörðum króna árið 2007, eða 16,2% af landsframleiðslu. Hækkunin milli ára nemur 9 milljörðum króna. Þar af gaf virðisaukaskatturinn um 137,6 milljarða króna, eða 10,6% af landsframleiðslu, vörugjöldin 45,9 milljarða króna og neyslu- og leyfisskattar 23 milljarða króna.

Eignaskattar skiluðu hinu opinbera um 30 milljörðum króna árið 2007, eða 2,4% af landsframleiðslu. Fasteignaskattar vega þar þyngst, en þeir námu 20,6 milljörðum

króna það ár samanborið við 16,9 milljarða árið 2006. Þá skiluðu skattar á fjármagnsviðskipti (stimpilgjöld) 9,5 milljörðum króna í tekjur.

**Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Skatttekjur og tryggingagjöld	36,8	37,1	35,3	35,2	36,7	37,9	40,6	41,4	41,0
Skattar á tekjur og hagnað	14,2	14,8	15,3	15,3	16,0	16,1	17,6	18,3	18,7
Skattar á launagreiðslur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,0	0,0	0,0
Eignaskattar	2,6	2,8	2,7	2,5	2,2	2,4	2,6	2,1	2,4
Skattar á vöru og þjónustu	16,6	16,0	13,9	14,1	14,8	15,7	16,7	17,2	16,2
Skattar á alþjóðaviðskipti	0,4	0,4	0,4	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4	0,4
Aðrir skattar	0,2	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1
Tryggingagjöld	2,8	2,9	2,8	2,9	3,1	3,1	3,2	3,3	3,1

Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti, einkum tollar, skiluðu hinu opinbera 5,4 milljörðum króna 2007, eða 0,4% af landsframleiðslu.

Aðrar tekjur, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 92,6 milljarðar króna árið 2007 og hækkuðu um 17,4 milljarða króna milli ára eins og fram kom hér að ofan. Eignatekjur voru riflega 46 milljarðar króna, en þar af námu vaxtatekjur 29,5 milljörðum króna og hækkuðu um rúmlega 9 milljarða króna milli áranna 2006 og 2007. Frá 2005 hafa vaxtatekjur hækkað um riflega 19 milljarða króna. Arðgreiðslur hækkuðu úr 4,7 milljörðum króna í 6,4 milljarða árið 2007. Aðrar eignatekjur námu 10,2 milljörðum króna 2007 og hækkuðu um 1,7 milljarða króna milli ára. Sala á vöru og þjónustu var 41 milljarður króna 2007, eða sem svarar 3,2% af landsframleiðslu, og hækkaði um 3,6 milljarða króna milli ára.

**Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Tekjuskattar alls	89,8	101,5	118,3	124,8	134,6	149,7	180,2	213,6	241,4
Tekjuskattar einstaklinga	78,0	88,5	104,8	111,4	117,0	128,8	145,4	163,3	180,1
Tekjuskattur lögaðila	8,0	8,4	8,0	7,2	10,4	9,6	20,3	28,1	32,6
Fjármagnstekjuskattur	3,9	4,6	5,5	6,2	7,1	11,4	14,5	22,3	28,8
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Tekjuskattar alls	14,20	14,84	15,33	15,28	15,99	16,13	17,56	18,30	18,67
Tekjuskattar einstaklinga	12,33	12,94	13,58	13,64	13,90	13,87	14,17	13,98	13,92
Tekjuskattur lögaðila	1,26	1,22	1,04	0,89	1,24	1,03	1,98	2,41	2,52
Fjármagnstekjuskattur	0,61	0,68	0,71	0,76	0,85	1,22	1,41	1,91	2,22

### Útgjöld hins opinbera

*Útgjöld hins opinbera hækkuðu um 41,7% af landsframleiðslu árið 2006 í 42,8% árið 2007*

Útgjöld hins opinbera mældust 553 milljarðar króna árið 2007 og hækkuðu því um 66,5 milljarða króna milli ára eða um 13,7%. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu þau úr 41,7% árið 2006 í 42,8% árið 2007, eða um riflega eitt prósentustig af landsframleiðslu. Aukningin skyrist fyrst og fremst af auknum útgjöldum ríkissjóðs sem jukust um riflega 52 milljarða króna og mældust 31,2% af landsframleiðslu árið 2007 samanborið við 30,0% árið 2006. Í þeirri aukningu vegur þungt vöxtur í fjárfestingu, vaxtagjöldum og fjárfamlögum. Útgjöld sveitarfélaga jukust um tæpa 20 milljarða króna milli áranna 2006 og 2007, en þau námu 177,3 milljörðum króna, eða 13,7% af landsframleiðslu. Frá árinu 2005 hafa útgjöld þeirra aukist um 47,6 milljarða króna eða 36,7%. Þessi hækkun á útgjöldum

sveitarfélaga kemur fram bæði í samneyslu og fjárfestingu. Útgjöld almannatrygginga hækkuðu um 9,3 milljarða króna milli ára og námu 92 milljörðum króna 2007, en sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau þau svipuð milli ára eða 7,1%.


**Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 1999–2007**

Í milljörðum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Hið opinbera	265,9	286,3	328,8	361,3	383,8	409,2	433,3	486,6	553,1
Ríkissjóður	199,6	213,5	244,7	263,1	283,3	297,6	318,0	350,9	403,2
Sveitarfélög	74,8	81,7	95,8	106,8	108,3	119,9	129,7	157,4	177,3
Almannatryggingar	41,7	46,4	50,3	59,8	69,4	75,9	77,6	82,7	92,0
<i>Hlutfall af VLF</i>									
Hið opinbera	42,0	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	42,8
Ríkissjóður	31,6	31,2	31,7	32,2	33,7	32,0	31,0	30,0	31,2
Sveitarfélög	11,8	12,0	12,4	13,1	12,9	12,9	12,6	13,5	13,7
Almannatryggingar	6,6	6,8	6,5	7,3	8,2	8,2	7,6	7,1	7,1

Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádreginni sölu á vöru og þjónustu, námu 316,8 milljörðum króna árið 2007, eða sem svarar 24,5% af landsframleiðslu. Þau hækkuðu um 31,5 milljarða króna milli ára og sem hlutfall af landsframleiðslu um tæp 0,1%. Launaútgjöldin námu 193,6 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu 141,4 milljörðum króna og afskriftir 22,8 milljörðum króna. Til frádráttar er sala á vöru og þjónustu að fjárhæð 41 milljarður króna.

**Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**

*Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP*



Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust nokkuð árið 2007, eins og sést á mynd 5, en þau námu 54,7 milljörðum króna og jukust um riflega 9 milljarða króna milli ára og mældust sem hlutfall af landsframleiðslu 4,2%. Mest er aukningin í fjárfestingu ríkissjóðs, en hún jókst um 7 milljarða króna og nam 22,4 milljörðum króna árið 2007. Fjárfesting sveitarfélaga jókst um 2,3 milljarða króna milli ára.

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlöög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 129,4 milljörðum króna árið 2007, eða 10% af landsframleiðslu. Hækkuðu þau um 15,7 milljarða króna milli ára, eða um

0,3% í hlutfalli við landsframleiðslu. Félagslegar tilfærslur til heimilanna, sem numu 75,4 milljörðum króna árið 2007, hækkuðu um 8,7 milljarða króna milli ára, eða um 0,1% af landsframleiðslu. Framleiðslustyrkir námu 23,3 milljörðum króna og hækkuðu um 3 milljarðar króna frá árinu áður.

**Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Heildarútgjöld	42,0	41,9	42,6	44,2	45,6	44,1	42,2	41,7	42,6
Laun	14,5	14,6	14,7	15,7	16,3	15,7	15,6	15,3	15,3
Kaup á vöru og þjónustu	9,9	10,3	10,3	11,2	11,3	11,1	10,7	10,6	10,3
Vaxtagjöld	3,4	3,4	3,4	3,0	2,7	2,4	2,2	2,2	2,3
Framleiðslustyrkir	1,8	1,8	1,8	1,8	1,9	1,8	2,0	1,7	1,6
Félagslegar tilfærslur til heimila	5,6	5,6	5,6	6,3	7,1	6,8	6,2	5,7	5,9
Önnur tilfærsluútgjöld	2,1	2,1	2,3	2,3	2,5	2,2	2,3	2,1	2,8
Fjárfesting	4,7	4,1	4,5	3,9	3,6	3,9	3,1	3,9	4,2

*Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru viðamestu málaflokkar hins opinbera og taka til sín 24,8% af landsframleiðslu*

Útgjöldum hins opinbera má einnig skipta í málaflokka eins og stjórnsýslu, löggæslu, atvinnumál, heilbrigðismál, fræðslumál, almannatryggingar, velferðarmál o.s.frv. Í töflu 8 kemur fram að almannatryggingar og velferðarmál eru fjárfrekaсти málaflokkur hins opinbera en útgjöld til hans nema 8,6% af landsframleiðslu 2007, eða sem svarar 111,4 milljörðum króna. Útgjöld til þessa málaflokks hafa farið lækkandi frá árinu 2003 sem hlutfall af landsframleiðslu, en taka hins vegar kipp upp á við 2007 eins og sést á mynd 6. Til fræðslumála runnu riflega 106 milljarðar króna 2007 eða 8,2% af landsframleiðslu, en þau lækkuðu um 0,1% af landsframleiðslu milli ára.

**Tafla 8. Meginmálaflokkar hins opinbera 1999–2007**


Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Æðsta stjórnsýsla	6,36	6,07	6,51	6,05	5,90	5,31	5,08	4,83	5,62
Varnarmál	0,01	0,02	0,03	0,03	0,04	0,04	0,04	0,07	0,06
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1,51	1,52	1,48	1,45	1,52	1,47	1,44	1,45	1,48
Efnahags- og atvinnumál	6,66	6,75	6,97	6,44	6,60	6,33	5,76	5,91	5,87
Umhverfismál	0,75	0,73	0,70	0,71	0,72	0,72	0,68	0,65	0,64
Húsnaðis-, skipulags- og veitumál	0,40	0,36	0,39	0,69	0,42	0,42	0,39	0,65	0,49
Heilbrigðismál	8,28	8,01	7,91	8,66	8,86	8,45	8,08	7,92	7,99
Menningar-, íþróttá- og trúmál	3,01	3,21	3,00	3,26	3,57	3,66	3,35	3,58	3,81
Fræðslumál	7,46	7,50	7,74	8,29	8,26	8,20	8,34	8,31	8,20
Almannatryggingar og velferðarmál	7,62	7,69	7,87	8,67	9,73	9,46	9,06	8,30	8,61
Heildarútgjöld (verg)	42,05	41,87	42,60	44,25	45,62	44,05	42,22	41,67	42,77

Verg útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2007 námu um 103,3 milljörðum króna, eða 10,8 milljarða króna hærri fjárhæð en 2006. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu verg heilbrigðisútgjöld hins opinbera 8,0% og hækkuðu um 0,06% af landsframleiðslu milli ára. Fjallað er sérstaklega um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmála í sérstökum köflum hér á eftir.

Kostnaður hins opinbera við stjórnsýslu og almenn málefni nam rúmlega 72,6 milljörðum króna í fyrra, eða 5,6% af landsframleiðslu. Þessi málaflokkur hækkaði um 16,2 milljarða króna milli ára eða 28,7% og munar þar mestu um hækjun vaxtakostnaðar en án hans var hækjunin 7,2 milljarðar króna. Sem hlutfall af landsframleiðslu hefur lög- og réttargæsla, ásamt öryggismálum, verið tiltölulega

stöðug, eða í kringum 1½% af landsframleiðslu. Svipuð þróun hefur átt sér stað í útgjöldum til umhverfismála en þau hafa verið um 0,7% af landsframleiðslu. Til efnahags- og atvinnumála var ráðstafað 75,9 milljörðum króna árið 2007, eða 5,9% af landsframleiðslu, en þau útgjöld hafa hækkað um næri 7 milljarða króna milli ára og er hlutfall af landsframleiðslu svipað milli ára. Ef útgjöldin eru skoðuð nánar kemur í ljós að rúmlega 59% þeirra renna í samgöngumál 2007 og um 16,2% til landbúnaðarmála. Til menningar-, íþróttá- og trúmála renna riflega 49 milljarðar króna, en það er hækkun um 7,3 milljarða króna frá 2006. Sem hlutfall af landsframleiðslu mælast þessi útgjöld 3,8%.

**Mynd 6. Útgjöld til helstu málaflokka hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 6. Expenditure on main functions of general government as per cent of GDP*



## Heilbrigðismál

*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera nema um 7,6% af landsframleiðslu 2007*

Hrein útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 98,2 milljarðar króna 2007, eða 7,6% af landsframleiðslu, og jukust um 10,7 milljarða króna milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu hækkuðu þau um 0,1 prósentustig, en frá 2003 hafði það hlutfall farið lækkandi.<sup>1</sup> Langstærsti hluti heilbrigðisútgjalda hins opinbera eru samneysluútgjöld, þ.e. laun og kaup á vöru og þjónustu, en þau nema um 97% útgaldanna. Afgangurinn er fjárfesting og tilfærslur. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2007 fara 18,7% til heilbrigðismála.

**Tafla 9. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 1999–2007**

HLutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
1. Lækningavörur og hjálpartæki	0,86	0,81	0,75	0,81	0,88	0,85	0,74	0,72	0,70
2. Þjónusta við ferlisjúklinga	1,25	1,35	1,36	1,42	1,52	1,51	1,42	1,41	1,42
3. Sjúkrahúsþjónusta	5,54	5,29	5,23	5,79	5,79	5,43	5,25	5,13	5,22
4. Forvarnir og alm. heilbrigðisþj.	0,05	0,05	0,04	0,05	0,05	0,05	0,05	0,04	0,05
5. Heilbrigðismál ót.a.s.	0,20	0,20	0,18	0,25	0,25	0,20	0,21	0,17	0,20
Opinber heilbrigðisútgjöld alls <sup>1</sup>	7,91	7,70	7,56	8,31	8,48	8,04	7,68	7,49	7,59

<sup>1</sup> Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá. Verg útgjöld eru sýnd í töflu 22.

<sup>1</sup> Hafa ber í huga að frá 2003 hefur landsframleiðslan aukist um riflega 25% að magni.

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 9, en ítarlegri sundurliðun er að finna í töflu 24 í töfluviðauka. Árið 2007 var ráðstafað um 5,2% af landsframleiðslu til sjúkrahúsþjónustu, eða 67,5 milljörðum króna, og var hækkinin milli ára 7,5 milljarðar króna. Þar af var hlutur almennrar sjúkrahúsþjónustu um 71,8% og útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu 26,7%. Sú þjónusta hefur tekið til sín um 1,4% af landsframleiðslu síðustu fimm árin, en árin þar áður hafði hún vaxið hratt. Til heilsugæslu (þjónustu við ferlisjúklinga) runnu um 18,4 milljarðar króna 2007, eða ríflæga 1,4% af landsframleiðslu. Aukningin milli ára var 1,9 milljarðar króna. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður utan sjúkrahúsa varð 9,1 milljarður króna, en það nemur um 9,3% opinberra útgjalda til heilbrigðismála, eða 0,7% af landsframleiðslu.

Í töflu 25 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru 315 þúsund krónur á mann 2007 og að síðustu sex árin hafa útgjöld hins opinbera verið svipuð á föstu verði. Kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa var 155,5 þúsund krónur á mann 2007, vegna heilsugæslu 59 þúsund, vegna hjúkrunar- og endurhæfingar 57,9 þúsund krónur og vegna lyfja og hjálpartækja 29,2 þúsund krónur á mann.

**Tafla 10. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2007**

	Hlutfall heilbrigðisútgjaldalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila af heild	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Heilbrigðisútgjöld á föstu verði á mann <sup>1</sup>
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	7,16	1,74	8,91	19,6	100,0	100,0
1999	7,91	1,72	9,63	17,8	109,5	108,2
2000	7,70	1,80	9,50	18,9	110,4	107,5
2001	7,56	1,78	9,34	19,0	113,1	108,7
2002	8,31	1,84	10,15	18,1	120,4	114,6
2003	8,48	1,90	10,38	18,3	121,7	115,2
2004	8,04	1,86	9,90	18,8	122,6	114,7
2005	7,68	1,76	9,44	18,6	123,6	114,4
2006	7,49	1,65	9,13	18,0	126,3	113,7
2007	7,59	1,61	9,20	17,5	132,9	116,9

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvart með verðvísiðu samneyslunnar.

119 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála á árinu 2007, eða um 9,2% af landsframleiðslu

Í töflu 10 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998–2007 mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Einnig eru sýnd heilbrigðisútgjöld á mann á föstu verði. Þar sést að á árinu 2007 nam heilbrigðiskostnaður um 9,2% af landsframleiðslu, en það samsvarar 119 milljörðum króna. Hæst mældust heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 er þau námu 10,4%. Um 17,5% útgjaldanna 2007 voru fjármögnud af heimilunum, en það hlutfall hefur lækkað nokkuð á síðustu árum. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa vaxið um nærrí 32,9% síðustu níu árin og um 16,9% á mann.

## Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2007 námu 96,3 milljörðum króna á árinu 2007, eða um 7,5% af landsframleiðslu

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 96,3 milljörðum króna á árinu 2007, eða um 7,5% af landsframleiðslu (sjá töflu 11). Í krónum talið hækkuðu útgjöldin um 8,1 milljarð króna milli ára. Um helmingur útgjaldanna rann til grunnskólastigsins, eða 47,4 milljarðar króna, og nam hækkinin milli ára 3,5 milljörðum

króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera um 18,2 milljarðar króna, eða 1,41% af landsframleiðslu, og jukust útgjöldin um 2,3 milljarða króna milli ára. Framhaldsskólastiginn tók til sín nokkru lægri fjárhæð, eða 16,8 milljarða króna, og hækkuðu útgjöldin um riflega  $\frac{1}{2}$  milljarð króna milli ára. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 8,8 milljörðum króna og hækkuðu um 1,6 milljarð króna frá árinu áður. Afgangurinn, 5,3% af útgjöldum hins opinbera til fræðslumála, rann til annarra fræðslumála, svo sem stoðþjónustu og í stjórnunarkostnað.

**Tafla 11. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
1. Leikskólastig	0,44	0,47	0,52	0,50	0,50	0,47	0,51	0,62	0,68
2. Grunnskólastig	3,35	3,45	3,43	3,97	3,79	3,74	3,82	3,76	3,67
3. Framhaldsskólastig	1,29	1,18	1,40	1,41	1,46	1,45	1,38	1,38	1,30
4. Háskólastig	1,19	1,21	1,24	1,38	1,40	1,39	1,45	1,36	1,41
5. Önnur skólastig og stoðþj.	0,15	0,19	0,20	0,21	0,20	0,19	0,19	0,19	0,21
6. Önnur fræðslumál	0,19	0,17	0,18	0,18	0,20	0,24	0,24	0,24	0,19
Opinber fræðsluútgjöld alls <sup>1</sup>	6,61	6,67	6,97	7,64	7,55	7,48	7,59	7,55	7,45

<sup>1</sup> Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera hafa verið dregin frá. Verg útgjöld eru sýnd í töflu 22.

Í töflu 26 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld hins opinbera til fræðslumála voru rúmlega 309 þúsund krónur á mann árið 2007. Þar af var kostnaður vegna grunnskóla riflega 152 þúsund krónur á mann, vegna framhaldsskóla 54 þúsund krónur og vegna háskólastigs 58,4 þúsund krónur. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála er samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt. Tiltærslur, sem eru að mestu til Láanasjóðs íslenskra námsmanna, mældust um 6–7% útgjaldanna.

**Tafla 12. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2007**

	Hlutfall fræðsluútgjalda af landsframleiðslu			Hlutfall heimila af heild	Fræðsluútgjöld á föstu verði <sup>1</sup>	Fræðsluútgjöld á föstu verði á mann <sup>1</sup>
	Hið opinbera	Heimili	Samtals			
1998	6,45	0,69	7,14	9,7	100,0	100,0
1999	6,61	0,70	7,31	9,6	103,5	102,3
2000	6,67	0,71	7,38	9,6	106,3	103,5
2001	6,97	0,73	7,70	9,4	115,5	110,9
2002	7,64	0,81	8,44	9,6	123,5	117,6
2003	7,55	0,89	8,44	10,6	121,9	115,4
2004	7,48	0,85	8,33	10,2	127,8	119,6
2005	7,59	0,84	8,42	9,9	136,1	126,0
2006	7,55	0,81	8,36	9,7	141,6	127,4
2007	7,45	0,78	8,23	9,5	145,1	127,6

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld staðvart með verðvísetölum samneyslunnar.

Til fræðslumála í landinu er ráðstafað 8,2% af landsframleiðslu, eða 106,4 milljörðum króna

Í töflu 12 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála 8,2% af landsframleiðslu 2007, en það samsvarar um 106,4 milljörðum króna. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár. Um 9,5% útgjaldanna eru fjármögnum af heimilunum og hefur sú hlutdeild farið lækkandi undanfarin ár. Þá má sjá í töflunni að á föstu verði hafa fræðsluútgjöldin vaxið jafnt og þétt frá 1998 og er vöxturinn 45% á síðustu níu árum eða um 27,6% á mann.

*Undir almannatryggingar og velferðarmál falla félagslegar tilfærslur til einstaklinga og ýmis konar velferðarþjónusta*

## Amannatryggingar og velferðarmál

Undir þennan málaflokk, almannatryggingar og velferðarmál, falla annars vegar ýmis konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna ellí, örorku, veikinda, tekjumissis, fæðinga og atvinnuleysis, og hins vegar ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga og velferðarþjónusta við fatlaða á vegum ríkisins.

**Tafla 13. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
1. Sjúkdómar	0,10	0,09	0,08	0,09	0,09	0,08	0,08	0,06	0,05
2. Örorka og fötlun	1,64	1,86	1,76	1,83	2,16	2,23	2,17	2,12	2,19
3. Öldrun	2,48	2,41	2,32	2,38	2,59	2,57	2,66	2,21	2,25
4. Eftirlifendur	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,03	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn	1,76	1,76	2,12	2,44	2,70	2,62	2,46	2,50	2,61
6. Atvinnuleysi	0,33	0,25	0,26	0,42	0,55	0,52	0,36	0,25	0,24
7. Húsnæðisaðstoð	0,73	0,74	0,72	0,85	0,93	0,83	0,75	0,64	0,61
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s.	0,21	0,21	0,23	0,21	0,24	0,23	0,19	0,17	0,28
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s.	0,32	0,34	0,35	0,42	0,44	0,35	0,37	0,32	0,36
Alm.trygg. og velf.mál alls	7,62	7,69	7,87	8,67	9,73	9,46	9,06	8,30	8,61

*Hið opinbera ráðstafaði 111,4 milljörðum króna til almannatrygginga og velferðarmála 2007, eða 8,6% af landsframleiðslu*

Á árinu 2007 runnu 111,4 milljarðar króna til þessa málaflokks, eða 8,6% af landsframleiðslu, og nam hækjunin milli ára 14,4 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu hækkuðu útgjöld þessa málaflokks um 0,3 prósentustig frá árinu 2006. Hæst mældust þau hins vegar 2003, eða 9,7% af landsframleiðslu. Rúmlega fimmtungur útgjalda hins opinbera rennur til málaflokksins á árinu 2007.

Í töflu 13 má sjá yfirlit yfir útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála á árunum 1999 til 2007. Útgjöld hins opinbera til fjölskyldna og barna er umfangsmesti útgjaldaliðurinn, en til þess málaflokks runnu rúmlega 33,7 milljarðar króna 2007, eða 2,6% af landsframleiðslu. Hækjunin milli ára nam 4,5 milljarðar króna. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 28,3 milljörðum króna og hækkuðu um 3,5 milljarða króna milli ára. Útgjöld vegna öldrunar námu 29,1 milljarði króna og hækkuðu um 3,4 milljarða króna milli ára. Framlög vegna atvinnuleysis voru rúmlega 3 milljarðar króna og hækkuðu þau útgjöld um 138 milljónir milli ára.

Rúmlega 71% útgjalda hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála eru félagslegar tilfærslur til heimilanna, en 27% er samneysluútgjöld af ýmsu tagi og afgangurinn að stærstum hluta fjárfestingarútgjöld. Samneysla hins opinbera í velferðarmálum var 28,6 milljarðar króna 2007. Þar af var samneysla sveitarfélaga tæplega þrír fimmtu hlutar, en hún fólst að mestu í umönnun barna og aldraðra, meðal annars rekstri barna- og ellheimila. Samneysla ríkissjóðs á þessu sviði var að mestu þjónusta við fatlaða. Afgangurinn var samneysla almannatrygginga. Rúmlega sjö tífundu hlutar af heildarsamneyslu hins opinbera í velferðarmálum er launakostnaður. Fjárfesting hins opinbera í velferðarmálum var um 1,7 milljarðar króna 2006.

*Útgjöld hins opinbera til  
almannatrygginga og  
velferðarmála námu sem svarar  
366 þúsund krónum á mann  
2007*

*Peningaleg eign hins opinbera  
jókst um 130 milljarða króna á  
árinu 2007 og nam 709  
milljörðum króna í árslok*

Í töflu 27 eru fleiri upplýsingar um útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála. Árið 2007 voru útgjöld hins opinbera til þessa málaflokkum um 366 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs, eða 26,5 þúsund króna fjárhæð en árið á undan en svipað og á árunum 2003–2005. Útgjöld hins opinbera vegna fjölskyldna og barna voru um 111 þúsund krónur á mann 2007 og vegna örorku og fötlunar um 93 þúsund krónur. Útgjöld vegna öldrunar námu hins vegar 95,7 þúsund krónum á mann árið 2007 og vegna húsnæðisaðstoðar 26 þúsund krónum. Kostnaður vegna atvinnuleysis nam riflega 10 þúsund krónum á mann 2007.

### **Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera**

Peningaleg eign hins opinbera nam um 709 milljörðum króna í lok árs 2007, eða sem nemur 54,8% af landsframleiðslu. Hafði hún hækkað verulega á árinu, eða um 130 milljarða króna, og munaði þar mestu um 76,4 milljarða króna aukningu hlutafjár og eignarhluta í fyrirtækjum,<sup>1</sup> m.a. í Landsvirkjun og Seðlabanka Íslands. Þá hækkaði sjóður og bankainnistæður um rúmlega 33 milljarða króna á árinu og námu riflega 133 milljörðum króna í lok árs. Lánveitingar námu 198,9 milljörðum króna og hækkuðu um 12,2 milljarða króna á árinu og viðskiptakröfur voru 153 milljarðar í árslok og jukust um 24,6 milljarða króna frá fyrra ári (sjá töflu 24 í töfliðauka).

**Tafla 14. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 1999–2007**

Hlutfall af VLF	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Peningalegar eignir	37,8	35,4	45,7	43,5	40,3	36,8	39,0	49,5	54,8
Skuldir	73,6	72,9	75,0	72,0	71,0	64,5	52,6	57,5	54,2
Verðbréf	13,1	10,2	10,6	10,6	11,9	11,5	10,4	9,7	9,7
Lántökur	26,9	28,3	33,3	30,2	27,7	22,7	14,9	20,3	19,2
Innlendar lántökur	5,9	5,5	4,7	4,6	4,8	4,8	4,5	3,6	5,7
Erlendar lántökur	21,0	22,8	28,6	25,7	22,9	17,9	10,4	16,8	13,5
Lífeyrisskuldbindingar	26,3	28,5	25,6	26,8	27,0	25,7	23,8	23,4	20,7
Viðskiptaskuldir	7,3	5,9	5,4	4,4	4,4	4,6	3,5	4,1	4,6
Hrein peningaleg eign	-35,9	-37,5	-29,2	-28,5	-30,7	-27,7	-13,6	-7,9	0,7

*Heildarskuldir hins opinbera  
voru riflega 700 milljarðar króna  
2007*

Heildarskuldir hins opinbera námu riflega 700 milljörðum króna í árslok 2007, eða sem svarar 54,2% af landsframleiðslu, og hækkuðu um rúmlega 28 milljarða króna á árinu, en lækkuðu aftur á móti um 3,3 prósentustig af landsframleiðslu. Erlendar lántökur lækkuðu um 21,5 milljarða króna á árinu, en þær námu í árslok 174,4 milljörðum króna, eða 13,5% af landsframleiðslu. Þá lækkuðu lífeyrisskuldbindingar hins opinbera í krónum talið eða um riflega 5 milljarða króna og voru heildarlífeyrisskuldbindingar þess í árslok 268 milljarðar króna, 20,7% af landsframleiðslu.<sup>2</sup> Af öðrum skuldum hins opinbera má nefna að verðbréfaskuld þess hækkaði um 12,3 milljarða króna á árinu og nam riflega 125 milljörðum króna í árslok. Þá jukust viðskiptaskuldir hins opinbera um 11,3 milljarða og voru í árslok 59 milljarðar króna.


Hrein peningaleg eign hins opinbera, þ.e. peningaleg eign umfram skuldir, var jákvæð um 8,6 milljarða króna í árslok 2007, eða sem svarar 0,7% af landsframleiðslu. Hún hafði batnað um rúmlega 101 milljarð króna milli ára og um

<sup>1</sup> Aukningin á einnig rætur í endurmati hlutafjár og eignarhluta.

<sup>2</sup> Lækkunin stafar fyrst og fremst af uppgreiðslu Reykjavíkurborgar og Akureyrabæjar á lífeyrisskuldbindingum í kjölfar sölu þeirra á eignarhlutum í Landsvirkjun.

265,7 milljarða króna síðustu þrjú árin. Það peningaleg eignastaða hins opinbera skýrist fyrst og fremst á mjög góðri tekjuafkomu ríkissjóðs á árunum 2004 til 2007, en hún hefur að hluta verið notuð til að bæta eignastöðu ríkissjóðs. Árið 2007 var hrein peningaleg eignastaða ríkissjóðs og almannatrygginga jákvæð um 2,3% af landsframleiðslu, en hún var neikvæð um 26,3% af landsframleiðslu árið 2003. Hér er því um verulega lækkun að ræða á skömmum tíma. Hrein peningaleg eignastaða sveitarfélaga var neikvæð um 4% af landsframleiðslu frá árinu 2003 en lagaðist allnokkuð á síðasta ári og var í árslok 2007 neikvæð um 1,4% af landsframleiðslu.

**Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF**  
*Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP*



### Hið opinbera og opinber fyrirtæki (e. public sector)

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

**Tafla 15. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2000–2007<sup>1</sup>**

Hlutfall af VLF	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Rekstrartekjur	61,4	62,4	58,1	60,3	61,8	62,4	64,6	75,3
Rekstrargjöld	56,5	59,5	57,4	60,4	58,1	54,5	54,9	66,1
Rekstrarjöfnuður	4,9	2,9	0,7	-0,1	3,7	7,9	9,8	9,3
Fjárfesting	5,3	5,5	4,1	5,2	5,8	6,6	9,0	8,3
Tekjujöfnuður	-0,4	-2,5	-3,4	-5,2	-2,1	1,2	0,8	0,9


<sup>1</sup> Heimildir við uppgjör opinberra fyrirtækja eru: (1) Ríkisreikningur, (2) Árbók sveitarfélaga og (3) ársreikningar fyrirtækja.

*Tekjuafkoma opinberra aðila var jákvæð um 0,9% af landsframleiðslu 2007, en neikvæð um 4,5 % hjá opinberum fyrirtækjum*

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er þó áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif hins opinbera geira í víðri merkingu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Í töflu 15 og töflu 28 koma fram upplýsingar um helstu hagstærðir þessa geira árin 2000 til 2007. Fram kemur m.a. að heildartekjur hans hafi numið 75,3% af landsframleiðslu 2007 og heildarútgjöld 66,1%. Tekjuafkoma<sup>1</sup> hans var jákvæð um 0,9% af landsframleiðslu 2007 á sama tíma og tekjuafkoma hins opinbera í þrengri merkingu var jákvæð um 5,5%. Lakari tekjuafkomu hins opinbera að meðtöldum fyrirtækjum þess má skýra með miklum fjárfestingum fyrirtækjanna og langt umfram rekstrarafgang. Mynd 8 sýnir hvernig tekjuafkoma þessara aðila hefur þróast á árunum 2000 til 2007.

#### **Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF**

*Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP*



#### **Frekari upplýsingar**

Í heftinu hefur megináhersla hefur verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera, <http://www.hagstofa.is/Hagtetur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera>.

<sup>1</sup> Tekjujöfnuður sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður veitir vísbendingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.o.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.

## English summary

The general government financial balance was positive by 5.5% of GDP in 2007 or 11.3% of its total revenue. In 2006, the surplus was 6.3% of GDP and in 2005 4.9%. This good result is mostly due to high surpluses in central government finances in 2005, 2006 and 2007, which amounted to 4.4%, 5.3% and 4.0% of GDP, respectively. But the local government finances have also turned to better more favorable results in these three years and showed a positive financial balance of 0.3% of GDP in 2006 and 0.6% of GDP in 2007.

The general government revenue amounted to 48.2% of GDP in 2007, compared with 48.0% in 2006 and reached its highest value as percentage of GDP. The total revenue has increased considerably since 2002, when it was measured as 41.7% of GDP. The general government total expenditure amounted to 42.8% of GDP in 2007 compared with 41.7% in 2006. The total expenditure had its highest value as percentage of GDP in 2003 reaching 45.6%.

In 2007, the total expenditure on health was 9.2% of GDP, of which 82.5% was financed by the general government and the rest by households. About one fifth of general government total expenditure goes to health affairs and a little less goes to education. The total expenditure on education was 8.2% of GDP in 2007, of which 91.7% was financed by the general government. The general government expenditure on social protection was 111.4 billion ISK in 2007 or 8.6% of GDP and increased by 14.4 billion ISK from 2006.

The general government total financial asset amounted to 709 billion ISK in the end of 2007 and the total liabilities 700 billion ISK. The general government net financial asset, i.e. the financial assets less liabilities, was positive by 8.6 billion ISK in 2007 or by 0.7% of GDP.

The financial balance of the public sector (including government enterprises) was positive by 0.9% of GDP in 2007 at the same time as the financial balance of the public corporations was negative by 4.5% of GDP, which could be explained by large investment in 2006 or by 5.6% of GDP. In 2003, the public sector financial balance reached its lowest level from 2000 and was negative by 5.2% of GDP.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English and an English version of the tables is available in the Table Annex starting on page 30.

**Tafla 16. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 1999–2007**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>273.162</b>	<b>297.838</b>	<b>323.504</b>	<b>340.492</b>	<b>360.028</b>	<b>409.478</b>	<b>483.564</b>	<b>560.453</b>	<b>623.785</b>
11 Skatttekjur	<b>215.006</b>	<b>234.125</b>	<b>250.704</b>	<b>264.270</b>	<b>282.405</b>	<b>323.275</b>	<b>383.694</b>	<b>445.445</b>	<b>489.413</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	89.822	101.488	118.316	124.759	134.551	149.749	180.170	213.633	241.378
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	155	184	212	226	490	516	324	390	429
113 Eignarskattar	16.397	19.218	20.791	20.333	18.894	22.723	26.405	24.660	30.860
114 Skattar á vöru og þjónustu	105.082	109.543	107.226	115.074	124.425	145.728	171.659	200.561	209.542
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.528	2.702	3.022	2.475	2.681	3.086	3.539	4.621	5.446
116 Aðrir skattar	1.022	991	1.137	1.403	1.366	1.474	1.597	1.579	1.758
12 Tryggingagjöld	<b>17.787</b>	<b>19.680</b>	<b>21.909</b>	<b>23.397</b>	<b>26.053</b>	<b>28.364</b>	<b>32.777</b>	<b>38.414</b>	<b>40.684</b>
13 Fjárfamlög	<b>521</b>	<b>655</b>	<b>891</b>	<b>706</b>	<b>1.033</b>	<b>1.286</b>	<b>1.157</b>	<b>1.386</b>	<b>1.112</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	22	26	32	38	40	38	40	26	—
132 Frá alþjóðastofnunum	499	630	859	668	993	1.248	1.117	1.360	1.112
133 Frá opinberum aðilum	—	—	—	—	—	—	—	—	—
14 Aðrar tekjur	<b>39.848</b>	<b>43.378</b>	<b>50.000</b>	<b>52.119</b>	<b>50.537</b>	<b>56.553</b>	<b>65.936</b>	<b>75.208</b>	<b>92.577</b>
141 Eignatekjur	15.843	18.102	21.704	21.608	17.861	19.690	26.171	33.412	46.094
142 Sala á vöru og þjónustu	21.654	22.983	25.562	27.263	29.139	32.380	35.921	37.605	41.029
143 Sektir og skaðabætur	668	580	1.006	985	1.071	2.762	938	1.663	2.757
144 Frjáls fjárfamlög	1.176	1.241	1.310	1.560	1.222	887	1.682	1.480	1.506
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	508	471	417	702	1.243	835	1.225	1.048	1.190
<b>Heildargjöld (2+31)</b>	<b>265.916</b>	<b>286.260</b>	<b>328.801</b>	<b>361.313</b>	<b>383.782</b>	<b>409.198</b>	<b>433.346</b>	<b>486.616</b>	<b>553.094</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>249.028</b>	<b>271.866</b>	<b>308.898</b>	<b>344.476</b>	<b>369.341</b>	<b>390.413</b>	<b>420.206</b>	<b>461.874</b>	<b>521.178</b>
21 Laun	91.584	99.488	113.319	127.842	136.890	145.491	160.385	178.791	193.583
22 Kaup á vöru og þjónustu	62.556	70.161	79.552	91.316	95.335	102.694	109.472	123.363	141.446
23 Afskriftir	12.587	13.487	14.519	15.193	16.044	17.157	18.681	20.822	22.829
24 Vaxtagjöld	21.506	23.033	25.864	24.360	23.074	22.571	22.567	25.201	33.942
25 Framleiðslustyrkir	11.204	12.142	13.978	14.875	15.956	16.991	20.719	20.257	23.316
26 Fjárfamlög	755	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366
261 Til erlendra stjórvalda	—	—	—	—	—	—	—	—	—
262 Til alþjóðastofnana	755	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366
263 Til opinberra aðila	—	—	—	—	—	—	—	—	—
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	35.426	38.282	42.870	51.175	60.068	63.488	63.645	66.650	75.378
28 Tiltfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög	13.410	14.363	17.666	18.526	21.005	20.773	23.475	24.694	28.319
<b>31 Fastafjárútgjöld</b>	<b>16.889</b>	<b>14.393</b>	<b>19.903</b>	<b>16.837</b>	<b>14.441</b>	<b>18.786</b>	<b>13.140</b>	<b>24.742</b>	<b>31.915</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	29.476	27.880	34.422	32.030	30.485	35.943	31.821	45.564	54.744
23 Afskriftir	-12.587	-13.487	-14.519	-15.193	-16.044	-17.157	-18.681	-20.822	-22.829
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31)</b>	<b>7.246</b>	<b>11.578</b>	<b>-5.297</b>	<b>-20.821</b>	<b>-23.755</b>	<b>280</b>	<b>50.218</b>	<b>73.837</b>	<b>70.692</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar</b>	<b>14.186</b>	<b>11.302</b>	<b>53.115</b>	<b>9.640</b>	<b>-10.936</b>	<b>17.955</b>	<b>6.373</b>	<b>163.574</b>	<b>92.341</b>
3212 Sjóður og bankareikningar	2.561	1.149	3.154	-905	1.904	7.701	31.014	42.375	27.443
3213 Verðbréf	-178	-145	-147	-58	-43	-31	-36	-8	-5
3214 Veitt lán	2.111	-3.689	13.300	-9.792	-6.305	-26.171	17.046	85.745	12.605
3215 Hlutafé	-6.135	3.441	11.591	-12.074	-14.614	1.504	-66.522	17.001	31.391
3218 Viðskiptakröfur	15.828	10.547	25.217	32.468	8.121	34.951	24.871	18.461	20.906
<b>33 Skuldir, hreyfingar</b>	<b>6.940</b>	<b>-276</b>	<b>58.412</b>	<b>30.461</b>	<b>12.819</b>	<b>17.675</b>	<b>-43.845</b>	<b>89.737</b>	<b>21.649</b>
3313 Verðbréf	-16.824	-14.874	7.928	3.378	12.975	5.336	-1.542	4.959	11.622
33x4 Lántökur	5.951	7.597	40.047	19.702	-11.397	-6.075	-50.210	61.739	17.900
3314 Innleendar lántökur	221	-1.412	2.116	525	3.443	3.384	139	-852	28.371
3324 Erlendar lántökur	5.730	9.009	37.931	19.177	-14.840	-9.459	-50.349	62.591	-10.471
3316 Lífeyrisskuldbindingar	4.526	4.494	4.892	5.702	5.661	5.380	5.507	5.545	-25.692
3318 Viðskiptaskuldir	13.287	2.507	5.545	1.678	5.580	13.033	2.400	17.495	17.819

**Tafla 17. Rekstrarreikningur ríkissjóðs árin 1999–2007**

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
<b>1 Heildartekjur</b>	<b>208.547</b>	<b>225.621</b>	<b>241.116</b>	<b>252.775</b>	<b>268.032</b>	<b>306.851</b>	<b>363.568</b>	<b>412.839</b>	<b>454.588</b>
11 Skatttekjur	<b>162.551</b>	<b>174.681</b>	<b>182.631</b>	<b>192.973</b>	<b>207.585</b>	<b>240.338</b>	<b>288.301</b>	<b>327.982</b>	<b>356.270</b>
111 Skattar á tekjur og hagnað	48.369	55.509	64.154	66.518	73.428	83.548	105.705	128.105	143.376
112 Skattar á laungreiðslur og vinnuafl	155	184	212	226	490	516	324	390	429
113 Eignarskattar	7.851	9.111	9.924	10.232	7.931	10.660	12.474	7.803	10.292
114 Skattar á vöru og þjónustu	102.732	106.203	104.297	112.300	121.779	141.158	164.756	185.554	195.014
115 Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.528	2.702	3.022	2.475	2.681	3.086	3.539	4.621	5.446
116 Aðrir skattar	916	973	1.023	1.221	1.276	1.369	1.504	1.508	1.713
12 Tryggingagjöld	<b>17.787</b>	<b>19.680</b>	<b>21.909</b>	<b>23.397</b>	<b>26.053</b>	<b>28.364</b>	<b>32.777</b>	<b>38.414</b>	<b>40.684</b>
13 Fjárfamlög	<b>814</b>	<b>1.153</b>	<b>1.369</b>	<b>1.266</b>	<b>1.515</b>	<b>1.748</b>	<b>1.665</b>	<b>2.086</b>	<b>1.830</b>
131 Frá erlendum opinberum aðilum	22	26	32	38	40	38	40	26	–
132 Frá alþjóðastofnunum	499	630	859	668	993	1.248	1.117	1.360	1.112
133 Frá opinberum aðilum	293	498	478	560	482	462	508	700	718
14 Aðrar tekjur	<b>27.395</b>	<b>30.108</b>	<b>35.207</b>	<b>35.139</b>	<b>32.879</b>	<b>36.401</b>	<b>40.826</b>	<b>44.357</b>	<b>55.804</b>
141 Eignatekjur	12.340	14.136	16.597	14.982	11.857	12.401	16.308	18.118	28.053
142 Sala á vöru og þjónustu	12.703	13.680	15.876	17.243	17.969	19.949	21.546	22.809	23.184
143 Sektir og skaðabætur	668	580	1.006	985	1.071	2.762	938	1.663	2.757
144 Frjáls fjárfamlög	1.176	1.241	1.310	1.560	1.222	887	1.682	1.480	1.506
145 Ýmsar tekjur og óskilgr. tekjur	508	471	417	368	761	402	352	287	304
<b>Heildargjöld (2+31)</b>	<b>199.570</b>	<b>213.546</b>	<b>244.715</b>	<b>263.109</b>	<b>283.278</b>	<b>297.591</b>	<b>317.986</b>	<b>350.866</b>	<b>403.199</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld</b>	<b>193.313</b>	<b>208.977</b>	<b>239.687</b>	<b>259.578</b>	<b>277.357</b>	<b>293.649</b>	<b>318.385</b>	<b>350.458</b>	<b>397.453</b>
21 Laun	53.656	56.654	64.835	73.654	79.258	82.702	89.315	98.253	105.997
22 Kaup á vöru og þjónustu	32.252	36.897	43.140	47.409	48.746	53.356	57.723	63.766	71.809
23 Afskriftir	9.152	9.779	10.385	11.143	11.741	12.553	13.615	15.142	16.656
24 Vaxtagjöld	18.098	18.823	21.703	19.965	18.104	18.501	18.344	20.242	27.860
25 Framleiðslustyrkir	9.847	10.298	12.103	13.013	13.888	14.737	18.109	17.211	19.691
26 Fjárfamlög	50.538	55.757	62.618	68.965	77.641	84.807	92.544	105.614	120.935
262 Til alþjóðastofnana	755	909	1.131	1.188	969	1.249	1.261	2.095	2.366
263 Til almannatrygginga	43.426	48.240	52.683	59.185	66.664	73.310	80.299	89.483	101.249
263 Til sveitarfélaga	6.358	6.609	8.805	8.592	10.008	10.249	10.984	14.036	17.320
27 Félagslegar tilfærslur til heimila	7.988	8.111	9.366	9.982	11.231	11.053	10.974	12.167	13.937
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög	11.782	12.658	15.536	15.446	16.747	15.940	17.761	18.062	20.568
<b>31 Fastafjárútgjöld</b>	<b>6.257</b>	<b>4.569</b>	<b>5.028</b>	<b>3.532</b>	<b>5.921</b>	<b>3.942</b>	<b>-399</b>	<b>408</b>	<b>5.746</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum	16.166	14.930	16.097	15.960	18.639	17.876	14.583	17.726	24.307
311 Sala efnislegra eigna (-)	-757	-582	-684	-1.286	-977	-1.381	-1.367	-2.175	-1.905
23 Afskriftir	-9.152	-9.779	-10.385	-11.143	-11.741	-12.553	-13.615	-15.142	-16.656
